




FLÓRGOÐINN

Góðir samskiptahættir

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Góðir samskiptahættir
- Hvernig getum við sem foreldrar verið vakandi gagnvart því að barnið manns sé lagt í einelti eða sé gerandi eineltis?
- Skimanir / sérkennsla
- Comeniusarferð
- Vetrarleyfi
- Foreldraviðtöl
- Skólahreysti
- ADHD/Tourette
- Breytingar á starfsliði
- Tölum saman
- Námsframboð í framhaldsskóla

GÓÐI segir:



Við í Áslandsskóla höfum lagt áherslu á við börnin að vinna saman og hjálpast að við að fylgjast með nærumhverfinu.

Sæl og blessuð og gleðilegt ár

Nú í upphafi nýs árs viljum við hvetja ykkur til að taka upp umræðuna við börnin ykkar um góða samskiptahætti. Eins og þið munið gengum við í alla 4.-10. bekki í haust og áttum stutt og hnitmiðað samtál við krakkana. Umboðsmaður barna kom og ræddi þessi mál einnig við nemendur á yngsta stigi og í unglingadeild. Prógrammið sem við fórum yfir með börnunum var í kjölfarið sent til umsjónarkennara og foreldra og þeir beðnir að halda umræðunni lifandi og frjórri í vetur.

Góð vísa er aldrei of oft kveðin. Umrætt prógramm má einnig sjá á vefnum www.kolbrunbaldurs.is undir „skólar“. Á vefnum er jafnframt að finna ýmsar upplýsingar um þessi mál sem kunna að nýtast foreldrum (sjá undir linknum foreldrar).

Vinsamlegast gefið þessari umræðu fæinar mínútur í hverri viku. Gott er að minna börnin ykkar á helstu birtingarmyndir þar á meðal hvernig rafrænt

einelti birtist og minna á þá staðreynd að slíkt atferli á sér oftast stað í heimahúsum þar sem börnin eru saman í tölvunni. Einnig að minna þau á að gæta þess að senda aldrei neikvæð skilaboð með sms eða taka myndir af öðrum krökkum á gsm símann og senda á netið án vitneskju og samþykkis þeirra sem myndin er af. Loks að skerpa á við börnin ykkar að láta aldrei mana sig í að vera þátttakendur í eineltishegðun. Síðast en ekki síst að minna þau á að láta einhvern fullorðinn vita verði þau vitni af slíkri hegðun.

Við í Áslandsskóla höfum lagt áherslu á við börnin að vinna saman og hjálpast að við að fylgjast með nærumhverfinu. Í samvinnu við foreldra og börnin getum við vonandi varnað því að mál af þessu tagi komi upp í skólanum. Forvarnir skila bestum árangri séu allir þeir sem að börnunum standa samtaka.

Enginn vill vera í sporum þess sem lagður er í einelti. Okkar upplifun er sú að börnin vilja gjarnan leggja sitt af mörkum til að tryggja fyrir sitt leyti að enginn þurfi að kvíða því að koma í skólann á morgnana vegna stríðni eða eineltis.

Að lokum er minnt á eyðublaðið “Tilkynning um einelti” sem finna má á vef skólans. Þetta eyðublað geta foreldrar fyllt út með barni sínu telji þeir að verið sé að beita það ofbeldi af einhverju tagi í skólanum eða í skólatengdum þáttum.

Með góðri kveðju,

Júlíana Jónsdóttir

náms- og félagsráðgjafi og

Kolbrún Baldursdóttir

skólasálfræðingur

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublöð má einnig finna á vefsetri skólans www.aslandsskoli.is
FORRÁÐAMENN ERU HVATTIR TIL AÐ LESA BLAÐIÐ YFIR MEÐ BÖRNUM SÍNUM.

Comeniusartero

Um miðjan janúar halda Jenný B. Rúnarsdóttir, Úlfar Danielsson og Jónína Dögg Loftsdóttir til Finnlands vegna Comeniusarverkefnis sem Áslandsskóli tekur þátt í.

Nemendur í 4. bekk hafa verið að vinna að verkefnum sem verða til sýnis í Finnlandi en samstarfsaðilar okkar í verkefninu koma frá Finnlandi, Þýskalandi, Spáni, Kýpur, Írlandi og Slóvakíu.

Foreldraviðtöl

Föstudaginn 3. febrúar verða foreldraviðtöl í Áslandsskóla.

Fundarboð verður sent heimleiðis tímanlega en þann dag mæta nemendur með foreldrum sínum til viðtals.

Einnig er mikilvægt að merkja við á fundarboði hvort óskað er eftir viðtali við aðra kennara en umsjónarkennara á þessum degi.

Vetrarleyfi

Ekki er ráð nema í tíma sé tekið.

Vetrarleyfi hefst í Áslandsskóla að loknum hádegisverði kl. 12.00 þann 29. febrúar næstkomandi. Breytingar voru samþykktar í skólaráði þar sem starfsfólk heldur í námsferð til Helsinkí í Finnlandi seinni partinn þann dag.

Nemendur mæta síðan aftur til starfa að loknu vetrarleyfi þriðjudaginn 6. mars.

Skólahreysti

Nú styttest í undankeppni í Skólahreysti 2012.

Helga Huld Sigtryggsdóttir mun halda utan um okkar þátt í keppninni í ár en ekki er alveg ljóst hvenær okkar riðill verður á dagskránni.

Búið var að dagsetja hann 1. mars en keppnishaldarar gerðu sér ekki grein fyrir því að þá er vetrarfrí í nokkrum skólum. Nánari dagsetning kemur því þegar hún verður orðin ljós.

Breytingar á starfsliði

Þær breytingar urðu á starfsliði Áslandsskóla um áramót að Elín Þórarinsdóttir fór í barnsburðarleyfi og tók Steinunn Jenný Skúladóttir við hennar bekk.

Þá leysir Margrét Benediktsdóttir Elínu Gísladóttur af í hannyrðum næstu vikur.

Kristrún Gunnarsdóttir snéri aftur úr veikindaleyfi og kemur í stað Torfa Más Jónssonar sem skólaliði.

ADHD / Tourette

Meðan nemendur voru enn í jólafríi mættu starfsmenn skólans til starfa þann 3. janúar.

Dagurinn hófst á frábærum fyrirlestri frá Atla Viðari Bragasyni sálfræðingi um ADHD og samspil ADHD og Tourette. Atli Viðar fræddi starfsmenn um hin ýmsu einkenni, viðbrögð og greiningarferli og var erindi hans mjög fróðlegt og vel framsett.

Starfsmenn nýttu síðan það sem eftir lifði dags í að undirbúa komu nemenda í skólann daginn eftir, 4. janúar 2012.

Skimanir / sérkennsla

Vikuna 23. – 27. janúar 2012 verður **TALNALYKILL – staðal- og markbundið próf í stærðfræði handa 1. – 7. bekk** lagt fyrir nemendur í 3. bekk og **GRP-14 Greinandi ritmálspróf fyrir 14 ára nemendur** lagt fyrir nemendur í 9. bekk.

Vegna fyrirlagnar og úrvinnslu mun sérkennsla falla niður þessa viku.

Tölum saman

Býr unglingur á heimilinu? Ef svo er, þá höldum við að umræður foreldra og unglunga um kynlíf eigi heima hjá þér.

Það hefur vafalaust ekki farið framhjá nokkrum að unglingsárin eru tími mikilla breytinga sem taka á félags-, líffræði- og tilfinningalegum þáttum.

Hvernig tekst þér sem foreldi að tala um alla þá þætti sem tengjast þessum miklu breytingum í lífi barnsins þíns?

Málefni er varða kynlíf og kynhegðun eru ofarlega í huga flestra unglunga og margir foreldrar vita ekki hvernig þeir eigi að snúa sér í þeirri umræðu.

Rannsóknir sýna að ef þessi málefni eru rædd þá byrja unglingar seinna að stunda kynlíf og þeir verða ábyrgari.

Á fræðslufundinum er boðið upp á sameiginlega fræðslu fyrir foreldra og unglunga um kynlíf og kynhegðun. Fræðslufundurinn stendur í einn og hálfan klukkutíma og er hann tvískiptur, þ.e. 7.-8. bekkur er fyrr um kvöldið og 9.-10. bekkur síðar sama kvöld.

Fyrirlesarar eru:

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, mannfræðingur, MA

Sígurlaug Hauksdóttir, félagsráðgjafi, MA

Guðbjörg Edda Hermannsdóttir, félagsráðgjafi, MA

Fræðslan verður í byrjun febrúar.

Nánari tímasetningar verða sendar gegnum mentor kerfið og birtar á vefsetri skólans.

Skólakór

Kóræfingar hefjast mánudaginn 16. janúar. Allir nemendur í 1. – 4. bekk velkomnir.

Æfingar eru í tónmenntastofunni og kórstjóri er Dána Ívarsdóttir tónmenntakennari..

Æfingar eru sem hér segir:

1. - 2. bekkur kl. 13:35 – 14:15

3. - 4. bekkur kl. 14:30 – 15:10.

Námsframboð framhaldsskóla

Fimmtudaginn 26. janúar frá kl. 17:00-18:30 verður kynning á námsframboði fjórtán framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu fyrir nemendur í 10. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar og foreldra þeirra.

Kynning þessi fer fram í **aðalsal Flensborgarskóla**. Hver framhaldsskóli verður með kynningarbás þar sem námsframboð og inntökuskilyrði verða kynnt.

Þeir framhaldsskólar sem verða með kynningarbás eru: Borgarholtsskóli, Fjölbautaskólinn í Breiðholti, Fjölbautaskólinn í Garðabæ, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, Hraðbraut, Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, Iðnskólinn í Hafnarfirði, Kvennaskólinn, Menntaskólinn í Kópavogi, Menntaskólinn í Reykjavík, Tækniskólinn og Verzlunarskóli Íslands. Menntaskólinn við Hamrahlíð og Fjölbautaskólinn við Ármúla eiga enn eftir að gefa okkur svar um hvort þau mæti og verði með kynningarbás eins og undanfarin tvö ár.

Við hvetjum alla nemendur í 10. bekk og foreldra þeirra að nýta sér þetta tækifæri en þetta er í þriðja sinn sem slík kynning fer fram í Hafnarfirði.

Námsráðgjafar grunnskólanna í Hafnarfirði

Námsráðgjafar Flensborgarskóla

Hvernig getum við sem foreldrar verið vakandi gagnvart því að barnið manns sé lagt í einelti eða sé gerandi eineltis?

Velferð barna okkar er það sem skiptir okkur mestu máli í lífinu og okkur er annt um að þeim líði vel. Hvernig getum við sem foreldrar verið vakandi gagnvart því að barnið manns sé lagt í einelti eða sé gerandi eineltis? Kolbrún Baldursdóttir skólasálfræðingur Áslandsskóla ætlar meðal annars að koma inn á þetta á fræðslufundi sem haldinn verður **Þriðjudaginn 17. janúar kl. 20-22 í Áslandsskóla.**

Jafnframt mun hún fjalla um:

- Ólíka reynslu foreldra af eineltismálum og hlutverk þeirra í sambandi við fræðslu til barna sinna um þessi mál.
- Helstu birtingarmyndir eineltis.
- Hver eru sameiginleg einkenni þolanda og gerenda og hverjir eru í áhættuhópi fyrir hvorutveggja.
- Hvernig fyrirbyggjandi vinnu er best háttað og mikilvægi samvinnu skóla og heimila í því tilliti. Mál eru misjöfn og þarfnast mismunandi íhlutunar/innigrips.
- Hvernig er að vera í sporum foreldra geranda, foreldra þolanda og hlutverk beggja þegar leiða þarf mál til lykta.
- Þegar mál kemur upp, hvernig er því komið til skila og dæmi um úrvinnsluleiðir.
- Hvaða þættir hafa jákvæð áhrif á úrvinnslu og hvaða þættir hindra úrvinnslu.

Að erindinu loknu verður kaffipása og síðan mun Júlíana Jónsdóttir námsráðgjafi skólans, kynna forvarnarspilið **TRABB** en nýverið keypti skólinn og foreldrafélagið spil fyrir alla bekki frá 3.-10. bekk skólans.

Við hvetjum ykkur til að nýta ykkur þetta góða boð og mæta á fræðslukvöldið



Kríuási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGODINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson

skólastjóri